Bandaríkjunum og öðrum mögulegum efnahagslegum hagsbótum á sviði fiskveiða.

States at the present time will be achieved and sustained under the Agreement through joint ventures, purchases of United States processed products by the Republic of Iceland, and other possible fishery economic benefits.

Nr. 17 4. desember 1984

AUGLÝSING

um Stokkhólmsgerð Parísarsamnings um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Hinn 28. september 1984 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Parísarsamnings um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem gerður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Jafnframt var afhent yfirlýsing um það að fullgildingin tæki ekki til 1. til 12. gr. samningsins. Samningurinn að undanteknum 1. til 12. gr. öðlast gildi hvað Ísland varðar 28. desember 1984.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, þó ekki, 1.—12. gr.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

PARÍSARSAMÞYKKT

um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, endurskoðuð í Bruxelles 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925, í London 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967.

1.—12. gr.[1])

13. gr.

1.a. Þau sambandslönd, sem bundin eru af ákvæðum 13.—17. gr., skulu stofna með sér sambandsþing.

b. Fyrir ríkisstjórn hvers lands skal vera einn fulltrúi, og má hann hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

1) Ekki birtar hér.

PARIS CONVENTION

for the Protection of Industrial Property of March 20, 1883, as revised at Brussels on December 14, 1900, at Washington on June 2, 1911, at The Hague on November 6, 1925, at London on June 2, 1934, at Lisbon on October 31, 1958, and at Stockholm on July 14, 1967

Articles 1—12[1])

Article 13

(1) (a) The Union shall have an Assembly consisting of those countries of the Union which are bound by Articles 13 to 17.

(b) The Government of each country shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

1) Not published here.

c. Kostnað við sendinefnd greiði sú ríkisstjórn sem nefndina hefur tilnefnt.

2.a Sambandsþingið skal:

i. fjalla um öll þau málefni, er það varða, að sambandinu sé haldið við lýði, þróun þess og framkvæmd þessa samnings;

ii. gefa fyrirmæli International Bureau of Intellectual Property (hér eftir nefnd „alþjóðaskrifstofan"), sem getið er um í Samþykktinni um stofnun The World Intellectual Property Organization (hér eftir nefnd „alþjóðasamtökin"), um undirbúning að ráðstefnu til endurskoðunar, enda sé tekið viðeigandi tillit til hvers konar athugasemda þeirra sambandslanda, sem ekki eru bundin af 13.—17. gr.;

iii. endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdastjóra alþjóðasamtakanna, þau sem sambandið varða, og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli um málefni sem það hefur vald til að segja fyrir um;

iv. kjósa í framkvæmdanefnd sambandsþingsins;

v. endurskoða og samþykkja skýrslur og störf framkvæmdanefndarinnar og gefa henni fyrirmæli;

vi. gera framkvæmdaáætlun og samþykkja fjárlög sambandsins til þriggja ára í senn og samþykkja endanlega reikninga;

vii. samþykkja reglur um fjármál sambandsins;

viii. koma á fót þeim sérfræðinganefndum og starfshópum, sem nauðsynlegir eru vegna starfsemi sambandsins;

ix. ákveða hvaða löndum utan sambandsins og hvaða milliríkjastofnunum eða alþjóðastofnunum, sem ríki eru ekki aðilar að, skuli leyft að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum þess;

x. samþykkja breytingar á 13.—17. gr.;

xi. gera hverja þá aðra ráðstöfun sem við á og til þess er fallin að stuðla að tilgangi sambandsins;

xii. framkvæma önnur þau störf sem til heyra samkvæmt þessum samningi;

xiii. beita þeim rétti, sem því er veittur í Samþykktinni um stofnun alþjóðasamtakanna, ef það samþykkir það.

b. Þegar um er að ræða málefni, sem einnig varða hagsmuni annarra sambanda, sem alþjóðasamtökin stjórna, skal sambandsþingið taka

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(2) (a) The Assembly shall:

(i) deal with all matters concerning the maintenance and development of the Union and the implementation of this Convention;

(ii) give directions concerning the preparation for conferences of revision to the International Bureau of Intellectual Property (hereinafter designated as "the International Bureau") referred to in the Convention establishing the World Intellectual Property Organization (hereinafter designated as "the Organization"), due account being taken of any comments made by those countries of the Union which are not bound by Articles 13 to 17;

(iii) review and approve the reports and activities of the Director General of the Organization concerning the Union, and give him all necessary instructions concerning matters within the competence of the Union;

(iv) elect the members of the Executive Committee of the Assembly;

(v) review and approve the reports and activities of its Executive Committee, and give instructions to such Committee;

(vi) determine the program and adopt the triennial budget of the Union, and approve its final accounts;

(vii) adopt the financial regulations of the Union;

(viii) establish such committees of experts and working groups as it deems appropriate to achieve the objectives of the Union;

(ix) determine which countries not members of the Union and which intergovernmental and international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;

(x) adopt amendments to Articles 13 to 17;

(xi) take any other appropriate action designed to further the objectives of the Union;

(xii) perform such other functions as are appropriate under this Convention;

(xiii) subject to its acceptance, exercise such rights as are given to it in the Convention establishing the Organization.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Assembly shall make its deci-

ákvarðanir sínar, eftir að það hefur leitað ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

3.a. Hver fulltrúi getur aðeins verið umboðsmaður fyrir eitt land sbr. þó b-lið.

b. Sambandslönd sem hafa komið sér saman um sameiginlega skrifstofu með sérstöku samkomulagi, sem þjóni hverju þeirra sem stjórnardeild fyrir lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sbr. 12. gr. geta látið eitt úr sínum hópi koma fram fyrir þau sameiginlega við umræður.

4.a. Hvert aðildarríki sambandsþingsins fer með eitt atkvæði.

b. Þingfundir eru lögmætir ef fulltrúar fyrir helming aðildarríkja sambandsþingsins sækja fund.

c. Sambandsþingið getur samþykkt ákvarðanir þrátt fyrir ákvæði b-liðsins, ef þingfund sækja færri en helmingur fulltrúa aðildarríkja sambandsþingsins en þó þriðjungur þeirra eða fleiri, en allar slíkar ákvarðanir, að undanskildum ákvörðunum um eigin þingsköp, skulu því aðeins taka gildi að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum. Alþjóðaskrifstofan skal tilkynna umræddar ákvarðanir þeim aðildarríkjum sambandsþingsins, sem ekki áttu fulltrúa á fundi, og gefa þeim kost á að láta atkvæði sitt skriflega í ljós, eða að þeir greiði ekki atkvæði, innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar. Ef tala þeirra aðildarríkja, sem þannig hafa greitt atkvæði, eða ekki greitt atkvæði, nær í lok þess tímabils þeirri tölu aðildarríkja, sem á vantaði til að þingfundurinn hefði verið lögmætur, skulu slíkar ákvarðanir taka gildi ef þær hafa jafnframt náð tilskildum meirihluta.

d. Til að samþykkja ákvarðanir sambandsþingsins þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða, sbr. þó ákvæði 2. tl. 17. gr.

e. Það teljast ekki greidd atkvæði ef setið er hjá.

5.a. Fulltrúi getur aðeins greitt atkvæði fyrir eitt land, sbr. þó b-lið.

b. Sambandslönd þau sem getið er í 3. b. skulu að jafnaði leitast við að senda eigin sendinefndir til sambandsþingsins. Ef eitthvert þeirra getur samt sem áður í undantekningartilvikum ekki sent eigin sendinefnd, má það veita sendinefnd annars slíks lands heimild til að fara með atkvæði í þess nafni þó þannig að hver sendinefnd má einungis greiða atkvæði fyrir hönd eins annars lands. Slík heimild til að greiða atkvæði skal koma fram í skjali sem sé undirritað af þjóðhöfðingja eða viðkomandi ráðherra.

sions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(3) (a) Subject to the provisions of subparagraph (b), a delegate may represent one country only.

(b) Countries of the Union grouped under the terms of a special agreement in a common office possessing for each of them the character of a special national service of industrial property as referred to in Article 12 may be jointly represented during discussions by one of their number.

(4) (a) Each country member of the Assembly shall have one vote.

(b) One-half of the countries members of the Assembly shall constitute a quorum.

(c) Notwithstanding the provisions of subparagraph (b), if, in any session, the number of countries represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the countries members of the Assembly, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the conditions set forth hereinafter are fufilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the countries members of the Assembly which were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiration of this period, the number of countries having thus expressed their vote or abstention attains the number of countries which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect provided that at the same time the required majority still obtains.

(d) Subject to the provisions of Article 17 (2), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.

(e) Abstentions shall not be considered as votes.

(5) (a) Subject to the provisions of subparagraph (b), a delegate may vote in the name of one country only.

(b) The countries of the Union referred to in paragraph (3) (b) shall, as a general rule, endeavor to send their own delegations to the sessions of the Assembly. If, however, for exceptional reasons, any such country cannot send its own delegation, it may give to the delegation of another such country the power to vote in its name, provided that each delegation may vote by proxy for one country only. Such power to vote shall be granted in a document signed by the Head of State or the competent Minister.

6. Sambandslöndum, sem ekki eru aðilar að sambandsþinginu, skal heimilt að sækja fundi þess sem áheyrnarfulltrúar.

7.a. Halda skal reglulegt sambandsþing þriðja hvert almanaksár og framkvæmdastjórinn kveðja til þess á sama tíma og sama stað og allsherjarþing alþjóðasamtakanna er haldið, nema þegar sérstaklega stendur á.

b. Sambandsþingið skal heyja aukaþing samkvæmt kvaðningu framkvæmdastjórans að beiðni framkvæmdanefndarinnar eða að beiðni eins fjórða hluta aðildarríkja sambandsþingsins.

8. Sambandsþingið setur sér eigin þingsköp.

(6) Countries of the Union not members of the Assembly shall be admitted to the meetings of the latter as observers.

(7) (a) The Assembly shall meet once in every third calendar year in ordinary session upon convocation by the Director General and, in the absence of exceptional circumstances, during the same period and at the same place as the General Assembly of the Organization.

(b) The Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, at the request of the Executive Committee or at the request of one-fourth of the countries members of the Assembly.

(8) The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

14. gr.

1. Sambandsþingið skal hafa framkvæmdanefnd.

2.a. Framkvæmdanefndin skal skipuð fulltrúum þeirra ríkja, sem sambandsþingið hefur valið úr hópi aðildarríkja sambandsþingsins. Þá skal land það, þar sem aðalstöðvar alþjóðasamtakanna eru, enn fremur eiga sjálfkrafa sæti í nefndinni, sbr. þó b-lið 7. tl. 16. gr.

b. Ríkisstjórn hvers aðildarríkis framkvæmdanefndarinnar skal eiga þar fulltrúa, en honum til aðstoðar mega vera varafulltrúar, ráðgjafar og sérfræðingar.

c. Kostnað við sendinefnd greiði sú ríkisstjórn sem nefndina hefur tilnefnt.

3. Aðildarríki framkvæmdanefndarinnar skulu vera einn fjórði hluti af aðildarríkjum sambandsþingsins. Við ákvörðun tölu nefndarmanna skal afgangi, þegar deilt hefur verið með fjórum, sleppt.

4. Við kosningu fulltrúa í framkvæmdanefndina skal sambandsþingið taka hæfilegt tillit til sanngjarnrar skiptingar út frá landfræðilegri legu og til nauðsynja þeirra ríkja, sem aðilar eru að sérstökum samningum, er gerðir kynnu að verða á vegum sambandsins, á að vera meðal þeirra ríkja sem sæti eiga í framkvæmdanefndinni.

5.a. Fulltrúar í framkvæmdanefndinni hefja störf í lok sambandsþingsins, sem kaus þá, en ljúka störfum í lok næsta reglulegs sambandsþings.

b. Heimilt er að endurkjósa fulltrúa í framkvæmdanefndina, en ekki fleiri en tvo þriðju þeirra.

Article 14

(1) The Assembly shall have an Executive Committee.

(2) (a) The Executive Committee shall consist of countries elected by the Assembly from among countries members of the Assembly. Furthermore, the country on whose territory the Organization has its headquarters shall, subject to the provisions of Article 16 (7) (b), have an ex officio seat on the Committee.

(b) The Government of each country member of the Executive Committee shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(3) The number of countries members of the Executive Committee shall correspond to one-fourth of the number of countries members of the Assembly. In establishing the number of seats to be filled, remainders after division by four shall be disregarded.

(4) In electing the members of the Executive Committee, the Assembly shall have due regard to an equitable geographical distribution and to the need for countries party to the Special Agreements established in relation with the Union to be among the countries constituting the Executive Committee.

(5) (a) Each member of the Executive Committee shall serve from the close of the session of the Assembly which elected it to the close of the next ordinary session of the Assembly.

(b) Members of the Executive Committee may be re-elected, but only up to a maximum of two-thirds of such members.

c. Sambandsþingið setur reglur í einstökum atriðum um kosningu og hugsanlega endurkosningu fulltrúa í framkvæmdanefndina.

6.a. Framkvæmdanefndin skal:

i. gera uppkast að dagskrá sambandsþingsins;

ii. leggja fyrir sambandsþingið tillögur um uppkast það að framkvæmdaáætlun og þriggja ára fjárlögum, sem framkvæmdastjórinn hefur undirbúið;

iii. samþykkja sérstök árleg fjárlög og framkvæmdaáætlanir, sem framkvæmdastjórinn hefur undirbúið, enda séu þær innan marka framkvæmdaáætlunarinnar og þriggja ára fjárlaganna;

iv. leggja fyrir sambandsþingið með viðeigandi athugasemdum starfsskýrslur framkvæmdastjórans og árlegar skýrslur endurskoðenda um reikningana;

v. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við ákvarðanir sambandsþingsins og með hliðsjón af þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi kunna að verða milli tveggja reglulegra sambandsþinga, til að tryggja það að framkvæmdastjórinn framfylgi framkvæmdaáætlun sambandsins;

vi. framkvæma önnur þau störf sem nefndinni eru falin samkvæmt þessum samningi.

b. Þegar um er að ræða málefni, sem einnig varða hagsmuni annarra sambanda sem alþjóðasamtökin stjórna, skal framkvæmdanefndin taka ákvarðanir sínar eftir að leitað hefur verið ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

7.a. Framkvæmdanefndin skal halda reglulegan fund einu sinni á ári samkvæmt kvaðningu framkvæmdastjórans, og er æskilegt að sá fundur sé haldinn á sama tíma og á sama stað og fundur samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

b. Framkvæmdanefndin skal halda aukafundi samkvæmt kvaðningu framkvæmdastjórans, annað hvort að frumkvæði hans sjálfs eða samkvæmt beiðni formanns nefndarinnar eða eins fjórða hluta nefndarmanna.

8.a. Hvert aðildarríki framkvæmdanefndarinnar fer með eitt atkvæði.

b. Fundir eru lögmætir þegar helmingur nefndarmanna sækir fund.

c. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála.

d. Það teljast ekki greidd atkvæði ef setið er hjá.

e. Nefndarmaður getur aðeins verið fulltrúi fyrir eitt land og aðeins greitt atkvæði í nafni þess.

(c) The Assembly shall establish the details of the rules governing the election and possible re-election of the members of the Executive Committee.

(6) (a) The Executive Committee shall:

(i) prepare the draft agenda of the Assembly;

(ii) submit proposals to the Assembly in respect of the draft program and triennial budget of the Union prepared by the Director General;

(iii) approve, within the limits of the program and the triennial budget, the specific yearly budgets and programs prepared by the Director General;

(iv) submit, with appropriate comments, to the Assembly the periodical reports of the Director General and the yearly audit reports on the accounts;

(v) take all necessary measures to ensure the execution of the program of the Union by the Director General, in accordance with the decisions of the Assembly and having regard to circumstances arising between two ordinary sessions of the Assembly;

(vi) perform such other functions as are allocated to it under this Convention.

(b) With respect to matters which are of interest also to other Unions administered by the Organization, the Executive Committee shall make its decisions after having heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(7) (a) The Executive Committee shall meet once a year in ordinary session upon convocation by the Director General, preferably during the same period and at the same place as the Coordination Committee of the Organization.

(b) The Executive Committee shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, either on his own initiative, or at the request of its Chairman or one-fourth of its members.

(8) (a) Each country member of the Executive Committee shall have one vote.

(b) One-half of the members of the Executive Committee shall constitute a quorum.

(c) Decisions shall be made by a simple majority of the votes cast.

(d) Abstentions shall not be considered as votes.

(e) A delegate may represent, and vote in the name of, one country only.

9. Sambandslöndum, sem ekki eiga fulltrúa í framkvæmdanefndinni, skal leyft að senda áheyrnarfulltrúa.

10. Framkvæmdanefndin setur sér eigin þingsköp.

15. gr.

1. a. Alþjóðaskrifstofan hefur með höndum framkvæmdastörf fyrir sambandið og tekur við af sambandsskrifstofunni sem sameinaðist sambandsskrifstofunni sem stofnuð var samkvæmt Alþjóðasáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum.

b. Alþjóðaskrifstofunni ber einkum að annast skrifstofuhald fyrir hinar ýmsu stofnanir sambandsins.

c. Framkvæmdastjóri alþjóðasamtakanna skal vera framkvæmdastjóri sambandsins og koma fram fyrir þess hönd.

2. Alþjóðaskrifstofan skal viða að sér upplýsingum er varða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og gefa þær út. Skulu sambandslöndin þegar í stað tilkynna skrifstofunni um öll ný lög og opinber fyrirmæli um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þau skulu ennfremur láta sambandsskrifstofunni í té öll rit stjórnardeilda sinna fyrir lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem varða beinlínis vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og gætu verið starfsemi skrifstofunnar til hagsbóta.

3. Alþjóðaskrifstofan skal gefa út mánaðarrit.

4. Alþjóðaskrifstofan veitir sambandslöndunum samkvæmt beiðni þeirra upplýsingar um málefni sem varða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

5. Alþjóðaskrifstofan skal annast rannsóknir og láta í té þjónustu sem stuðli að því að auðvelda vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

6. Framkvæmdastjórinn og þeir starfsmenn, sem hann tilnefnir, skulu án atkvæðisréttar sitja fundi sambandsþingsins, framkvæmdanefndarinnar og annarra sérfræðinganefnda og starfshópa. Framkvæmdastjórinn eða starfsmaður, sem hann tilnefnir, skulu sjálfkrafa vera ritarar þessara aðila.

7.a. Alþjóðaskrifstofan skal samkvæmt fyrirmælum sambandsþingsins og í samvinnu við framkvæmdanefndina annast undirbúning að ráðstefnum til endurskoðunar á ákvæðum samningsins öðrum en 13.—17. gr.

b. Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að ráðfæra sig við milliríkjastofnanir eða alþjóðastofnanir,

(9) Countries of the Union not members of the Executive Committee shall be admitted to its meetings as observers.

(10) The Executive Committee shall adopt its own rules of procedure.

Article 15

(1) (a) Administrative tasks concerning the Union shall be performed by the International Bureau, which is a continuation of the Bureau of the Union united with the Bureau of the Union established by the International Convention for the Protection of Literary and Artistic Works.

(b) In particular, the International Bureau shall provide the secretariat of the various organs of the Union.

(c) The Director General of the Organization shall be the chief executive of the Union and shall represent the Union.

(2) The International Bureau shall assemble and publish information concerning the protection of industrial property. Each country of the Union shall promptly communicate to the International Bureau all new laws and official texts concerning the protection of industrial property. Furthermore, it shall furnish the International Bureau with all the publications of its industrial property service of direct concern to the protection of industrial property which the International Bureau may find useful in its work.

(3) The International Bureau shall publish a monthly periodical.

(4) The International Bureau shall, on request, furnish any country of the Union with information on matters concerning the protection of industrial property.

(5) The International Bureau shall conduct studies, and shall provide services, designed to facilitate the protection of industrial property.

(6) The Director General and any staff member designated by him shall participate, without the right to vote, in all meetings of the Assembly, the Executive Committee, and any other committee of experts or working group. The Director General, or a staff member designated by him, shall be ex officio secretary of these bodies.

(7) (a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly and in cooperation with the Executive Committee, make the preparations for the conferences of revision of the provisions of the Convention other than Articles 13 to 17.

(b) The International Bureau may consult with intergovernmental and international non-

sem ríki eru ekki aðilar að, varðandi undirbúning að ráðstefnum til endurskoðunar.

c. Framkvæmdastjórinn og þeir starfsmenn, sem hann tilnefnir, skulu taka þátt í umræðum á þessum ráðstefnum, en hafa ekki atkvæðisrétt.

8. Alþjóðaskrifstofan skal framkvæma önnur þau verkefni sem henni verða falin.

16. gr.

1.a. Sambandið skal hafa fjárlög.

b. Í fjárlögum sambandsins skulu meðtaldar tekjur og gjöld sambandsins beinlínis, framlag þess til sameiginlegs kostnaðar sambandanna og, þegar þannig stendur á, fjárhæð sú sem veitt er til að standast kostnað af ráðstefnu alþjóðasamtakanna.

c. Sá kostnaður, sem ekki verður rakinn til sambandsins eingöngu, heldur einnig til eins eða fleiri sambanda, sem stjórnað er af alþjóðasamtökunum, skal talinn sameiginlegur kostnaður. Hlutdeild sambandsins í þessum kostnaði skal fara eftir þeim hag sem sambandið hefur af honum.

2. Fjárlög sambandsins skulu þannig úr garði gerð að tekið sé hæfilegt tillit til þarfarinnar á að samræma þau fjárhagsáætlunum annarra sambanda sem alþjóðasamtökin stjórna.

3. Fjárlögum sambandsins koma tekjur með eftirtöldum hætti:

i. framlög sambandslandanna;

ii. laun og greiðslur fyrir þjónustu sem alþjóðaskrifstofan lætur í té á vegum sambandsins;

iii. sala á ritum alþjóðaskrifstofunnar varðandi sambandið og höfundarlaun fyrir þau;

iv. gjafir, arfur og styrkir;

v. leigur, vextir og ýmsar aðrar tekjur.

4.a. Sambandslöndunum skal skipt í flokka til ákvörðunar á framlagi þeirra til fjárlaganna, og skulu sambandslöndin greiða ársframlög á grundvelli einingartölu sem þannig er ákveðin:

I. flokkur	25
II. flokkur	20
III. flokkur	15
IV. flokkur	10
V. flokkur	5
VI. flokkur	3
VII. flokkur	1

b. Ef sambandsland hefur ekki þegar tilkynnt um það skal það um leið og það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl tilkynna hvar í

governmental organizations concerning preparations for conferences of revision.

(c) The Director General and persons designated by him shall take part, without the right to vote, in the discussions at these conferences.

(8) The International Bureau shall carry out any other tasks assigned to it.

Article 16

(1) (a) The Union shall have a budget.

(b) The budget of the Union shall include the income and expenses proper to the Union, its contribution to the budget of expenses common to the Unions, and, where applicable, the sum made available to the budget of the Conference of the Organization.

(c) Expenses not attributable exclusively to the Union but also to one or more other Unions administered by the Organization shall be considered as expenses common to the Unions. The share of the Union in such common expenses shall be in proportion to the interest the Union has in them.

(2) The budget of the Union shall be established with due regard to the requirements of coordination with the budgets of the other Unions administered by the Organization.

(3) The budget of the Union shall be financed from the following sources:

(i) contributions of the countries of the Union;

(ii) fees and charges due for services rendered by the International Bureau in relation to the Union;

(iii) sale of, or royalties on, the publications of the International Bureau concerning the Union;

(iv) gifts, bequests, and subventions;

(v) rents, interests, and other miscellaneous income.

(4) (a) For the purpose of establishing its contribution towards the budget, each country of the Union shall belong to a class, and shall pay its annual contributions on the basis of a number of units fixed as follows:

Class I	25
Class II	20
Class III	15
Class IV	10
Class V	5
Class VI	3
Class VII	1

(b) Unless it has already done so, each country shall indicate, concurrently with depositing its instrument of ratification or accession, the class

flokki það vilji vera. Sambandslandi er heimilt að skipta um flokk. Ef það kýs að fara í lægri flokk verður það að tilkynna það sambandsþinginu á reglulegu þingi þess. Tekur breytingin gildi frá byrjun næsta almanaksárs eftir reglulegt þing.

c. Ársframlag sambandslands skal vera eins hár hluti af þeirri fjárhæð sem sambandslöndin öll leggja til árlegum fjárlögum þess eins og einingartala sambandslands er hár hluti af samanlagðri einingartölu allra landanna sem framlög greiða.

d. Framlögin falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

e. Ef land er í vanskilum um greiðslu framlags síns skal það ekki hafa atkvæðisrétt í neinum þeim samtökum sambandsins sem það tekur þátt í ef fjárhæð sú, sem það er í vanskilum um, nemur þeim framlögum, sem því var alls skylt að greiða fyrir tvö síðustu ár, eða hærri fjárhæð. Hverjum samtökum sambandsins er þó heimilt að leyfa því landi að fara áfram með atkvæðisrétt í þeim samtökum ef og svo lengi sem þau þykjast fullviss um að greiðsludrátturinn stafi af sérstökum og óviðráðanlegum ástæðum.

f. Ef fjárlög hafa ekki verið samþykkt fyrir byrjun næsta reikningstímabils skal farið eftir fjárlögum fyrra árs í samræmi við ákvæði fjármálareglugerðarinnar.

5. Reiknað skal út hver laun og greiðslur séu útistandandi fyrir þjónustu, sem alþjóðaskrifstofan hefur látið í té á vegum sambandsins, og skal framkvæmdastjórinn annast um að tilkynna það sambandsþinginu og framkvæmdanefndinni.

6.a. Sambandið skal hafa framkvæmdasjóð, og skal hann stofnaður með einni greiðslu frá hverju sambandslandi. Ef sjóðurinn verður ófullnægjandi skal sambandsþingið ákveða um aukningu hans.

b. Byrjunarframlag hvers lands til umrædds sjóðs, eða þátttaka þess í aukningu hans, skal vera ákveðið hlutfall af ársframlagi landsins á því ári sem sjóðurinn er stofnaður eða aukningin ákveðin.

c. Hlutföllin og greiðsluskilmálar skulu ákveðnir af sambandsþinginu samkvæmt tillögum framkvæmdastjórans og eftir að það hefur leitað ráða samræmingarnefndar alþjóðasamtakanna.

7.a. Í samningi þeim um aðalstöðvarnar, sem gerður er við landið, þar sem þær hafa aðsetur, skal tekið fram að jafnan þegar framkvæmdasjóðurinn verði ófullnægjandi skuli það land

to which it wishes to belong. Any country may change class. If it chooses a lower class, the country must announce such change to the Assembly at one of its ordinary sessions. Any such change shall take effect at the beginning of the calendar year following the said session.

(c) The annual contribution of each country shall be an amount in the same proportion to the total sum to be contributed to the budget of the Union by all countries as the number of its units is to the total of the units of all contributing countries.

(d) Contributions shall become due on the first of January of each year.

(e) A country which is in arrears in the payment of its contributions may not exercise its right to vote in any of the organs of the Union of which it is a member if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. However, any organ of the Union may allow such a country to continue to exercise its right to vote in that organ if, and as long as, it is satisfied that the delay in payment is due to exceptional and unavoidable circumstances.

(f) If the budget is not adopted before the beginning of a new financial period, it shall be at the same level as the budget of the previous year, as provided in the financial regulations.

(5) The amount of the fees and charges due for services rendered by the International Bureau in relation to the Union shall be established, and shall be reported to the Assembly and the Executive Committee, by the Director General.

(6) (a) The Union shall have a working capital fund which shall be constituted by a single payment made by each country of the Union. If the fund becomes insufficient, the Assembly shall decide to increase it.

(b) The amount of the initial payment of each country to the said fund or of its participation in the increase thereof shall be a proportion of the contribution of that country for the year in which the fund is established or the decision to increase it is made.

(c) The proportion and the terms of payment shall be fixed by the Assembly on the proposal of the Director General and after it has heard the advice of the Coordination Committee of the Organization.

(7) (a) In the headquarters agreement concluded with the country on the territory of which the Organization has its headquarters, it shall be provided that, whenever the working capital fund

leggja honum fé. Um fjárhæð þessa framlags og skilmálana fyrir veitingu þess skulu gerðir sérstakir samningar hverju sinni milli landsins og alþjóðasamtakanna. Meðan á landinu hvílir sú skylda að láta slík framlög í té skal það sjálfkrafa hafa sæti í framkvæmdanefndinni.

b. Land það, sem um getur í a-lið, og alþjóðasamtökin hafa hvort um sig rétt til að segja upp samningnum um framlagsskylduna með skriflegri tilkynningu. Tekur uppsögnin gildi eftir þrjú ár frá lokum þess árs þegar tilkynning var send.

8. Eitt eða fleiri sambandslönd eða utan að komandi endurskoðendur skulu annast endurskoðun reikninganna í samræmi við ákvæði fjármálareglugerðarinnar. Skulu þeir tilnefndir af sambandsþinginu með samþykki þeirra.

17. gr.

